

Ed.

250. Nefndarátt

um frv. til laga um loftferðir.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir verið miklum tíma til að ihuga og mynda sjer ljósa skoðun um frumvarp þetta. Loftferðir eru ný og öldungis óþekt atvinnugrein hjer á landi. Það er því allmiklum vandkvæðum bundið að geta — svo nokkurt mark sje á takandi — gefið bendingar nm það, hversu haga skuli löggjöf slíkri sem þessari, þar sem ekki verður stuðst við neina innlenda reynslu, og því siður

innlenda löggjöf. Hinsvegar mætti að sjálfsgöngu hafa til hliðsjónar loftferðalöggjöf erlendra þjóða, enda hefir svo verið gert, þá er frumvarp þetta var samið. Er það að ýmsu leyti gagnlegt og eðlilegt, því margt ætti að vera líkt nm loftferðir, hvar sem er í heiminum.

Nefndin leitaðist við að hafa útlenda löggjöf til hliðsjónar og samanburðar, þá er hún var að rannsaka frv., en ekki var þó svo auðhlaupið að þessu, því illa gekk að fá þessháttar rit lánuð. Þó fjekk nefndin til afnota danska loftferðalöggjöf og bar hana saman við frv. Loftferðalöggjöf annara þjóða gat nefndin ekki útvegað, og enginn maður með sjerþekkingu er hjer til, sem kveðja mætti til aðstoðar.

Prátt fyrir það, þótt allmiklir örðugleikar sjeu á því, að setja hjer lög um loftferðir, sem byggð sjeu á þekkingu og því líkleg til að geta gilt óbreytt um lengri tíma, þá lítur þó nefndin svo á, að loftferðum muni framvegis verða haldið uppi hjer á Íslandi, og því sje nauðsynlegt að skipa fyrir um það með lögum, hversu hjer skuli í höfuðdráttum haga sliikum ferðum. Verður svo að sjálfsgöngu að breyta til og auka við, eftir því sem reynslan síðar leiðir í ljós, að rjettara sje. Hitt telur nefndin ótækt, að loftferðum verði haldið hjer uppi án þess til sjeu nein lagaákvæði, er eftir þurfi að fara.

Frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, setur reglur um hið helsta, er þarf að taka til greina, þegar um loftferðir er að ræða, svo sem eiganda loftfars og skyldur þær, er á honum skulu hvíla, skrásetningu og skilyrði fyrir henni, fluglíð og hverjar kröfur skuli gera til kunnáttu flugmanna, samgöngureglur innlands og við önnur lönd, ábyrgðarskyldu og tryggingarákvæði, svo og ýms önnur ákvæði. Öll eru þessi ákvæði sett með hliðsjón af útlendri löggjöf, þar sem loftferðir eru allmikið um hönd hafðar og aðstaða önnur á marga lund.

Ríkisstjórninni er í frv. ætlað að hafa umsjón og eftirlit með öllum öryggisráðstöfunum, sem settar eru, bæði um loftfarið sjálf og áhöfn þess. Þetta kann að vera sáemilega auðvelt í mannmörgum löndum, þar sem loftferðir eru þegar talsvert stundaðar og mörgum mönnum er á að skipa, sem kunna þá íprótt. En eins og hjer hagar til, þá er þessi bráðnauðsynlega ihlutun og eftirlit lítt framkvæmanleg. Stjórnin hefir enn eigi vól þeirra innlendra manna, er geti haft þetta eftirlit á hendi. — Þetta atriði telur nefndin erfíðast til úrlausnar. Stjórnin á og þarf að láta framkvæma mjög svo þýðingarmikið eftirlit með þessari hættulegu atvinnugrein, en skortir þó enn alla aðstöðu til að geta framkvæmt þetta eftirlit svo, að fulltreysta megí. Að visu mætti gera ráð fyrir því, að fenginn væri til aðstoðar útlendur maður með sjerþekkingu á þessu sviði, en mjög er hætt við, að það reyndist ekki hentugt, og óefað dýrt. En hinsvegar ætti að mega vænta þess, ef loftferðir verða stundaðar hjer framvegis til verulegra muna, að hjer verði fljótlega til einhverjir innlendir flugmenn, og mundi þá brátt greiðast úr þessum vanda.

Með tilliti til þess, að framvegis verði flngferðum haldið uppi hjer á landi og að sjálfsgöngu sje að búa þó í byrjun fremur við ófullkomna loftferða löggjöf en algerða lögleysu í þeim efnum, þá leggur nefndin einróma til, að frv verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 21. gr. 3. málsgrein («Leyfi þetta» o. s. frv.) fellur burt.
2. Við 22. gr. Greinina skal orða svo:

Fyrirtæki þan, sem gera sjer að atvinnu að flytja fólk eða varning með loftförum, þurfa til þess leyfi frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu.

Ráðuneytið veitir leyfi þetta til ákveðins tíma, þó ekki lengur en 20 ára. Leyfi ráðuneytisins skal bundið þeim skilyrðum, er nanðsynleg eru til þess að fyrirtækið verði rekið á þeim grundvelli, er fullnægir öryggiskröfum alþjóðar.

Leyfi þetta veitist Flugfjlagi Íslands h/f til 20 ára frá því er lög þessi ganga í gildi, með því skilyrði, að fjlagið komi á reglubundnum loftferðum á Íslandi. Fjlagi þessu skal vera heimilt að starfa í sambandi við önnur fjelög um loftferðir milli landa.

3. Við 23. gr. Í stað »samþykki» í upphafi greinarinnar komi: leyfi.
4. Við 25. gr. A-liður byrji svo:

Annarsstaðar en í bæjum og kaптúnnum.

5. Við 36. gr. Síðari málsgrein orðist þannig:

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinn skal vera heimilt, til þess að greiða fyrir flugsamgöngum á Íslandi, að undanþiggja innflutningsgjaldi flugvjarlar, varahlnta, hreyfla og áhöld, sem eingöngn eru notnd til rekstrar flugvjela.

Alþingi, 3. april 1929.

Páll Hermanusson,
form. og frsm.

H. Steinsson,
fundaskr.

Ingvar Pálmason.

Nd.

251. Frumvarp

til laga um afnám laga nr. 28, 25. sept. 1902, um sildarnætur.

Flutningsm.: Ólafur Thors.

1. gr.

Lög nr. 28, 25. sept. 1902, um sildarnætur, skulu úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fr. til laga um útflutningsbann á sildarnótum var borið fram á Alþingi 1901, en varð ekki útrætt. Á næsta Alþingi, 1902, vsr það aftur borið fram og náði þá samþykki Alþingis.